

Nd.

188. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Meginefni frumv. fjallar um það að leggja nýjan skatt á alla raforkusölu í landinu og að skatturinn gangi til stuðnings rafmagnsveitum ríkisins.

Áætlað er, að skatturinn nemi um 35 milljónum króna á ári og verði lagður á sem aflgjald, 200 kr. kW, og orkugjald, 2 aurar fyrir hverja kWst.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa lengst af verið reknar með talsverðum halla, og hefur ríkissjóður orðið að standa undir þeim hallarekstri með föstu framlagi á fjárlögum. Hallarekstur þessi hefur engum komið á óvart, þar sem vitað hefur verið, að rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið að standa undir rekstri þeirra rafveitna í dreifbýlinu, sem örðugastan rekstrargrundvöll hafa. Þrátt fyrir hallarekstur hefur raforka til notenda jafnan verið allmiklu dýrari á rekstrarsvæði rafmagnsveitna ríkisins en hjá öðrum rafveitum í landinu.

Hallarekstrarvandamál rafmagnsveitna ríkisins er því ekkert nýtt fyrirbæri, þó að nú þyki sérstök ástæða til, að ríkissjóður hætti fjárhagsstuðningi sínum við þær og vilji velta vandanum yfir á aðra aðila. Tillaga ríkisstjórnarinnar um að fella niður af fjárlögum um 40 milljón króna framlag til ríkisrafveitnanna og um að leggja á nýjan raforkusöluskatt í staðinn er því sama eðlis og aðrar tillögur hennar nú um að fella niður framlög, sem ríkissjóður hefur greitt árum saman, og leggja síðan á nýja skatta til fjáröflunar í staðinn.

Frumvarp þetta verður því að skoða sem eitt af mörgum nýjum tekjuöflunarfrumvörpum fyrir ríkissjóð. Það er ríkissjóður sem þarf á meiri tekjum að halda, að dómi ríkisstjórnarinnar, en hentugra þykir að tengja nýja tekjuöflun við ýmsa sérstaka málaflokkka en ríkissjóð sjálfan.

Í frumvarpinu er skattur þessi nefndur „verðjöfnunargjald“, en slíkt er algert rangnefni. Enga verðjöfnun á að framkvæma. Verðmismunur sá á rafmagni, sem verið hefur, á að haldast áfram. Í þeim efnum á engu að breyta. Hér er hins vegar um nýjan skatt að ræða, sem leggja á jafnt á alla rafmagnssölu í landinu. Skatturinn á síðan að renna til rafmagnsveitna ríkisins, og þannig á ríkissjóður að sleppa við framlag sitt til þeirra.

Ég tel skatt þennan mjög hæginn, og hætt er við, að hann komi ósanngjarnlega niður í ýmsum tilfellum. Ég tel, að ríkissjóður eigi að greiða áfram framlag sitt til rafmagnsveitna ríkisins, á meðan þess er þörf. En eflaust er nauðsynlegt að taka fyrir til sérstakrar athugunar rekstur ríkisveitnanna og þá um leið stefnuna í raforkumálum og stefnuna varðandi verðlagningu á raforku. Ég tel, að nauðsynlegt sé að koma á meira samræmi en nú er í verðlagningu á raforku. Sambærilegur atvinnurekstur þarf að geta fengið raforku á sama verði, hvar sem er á landinu, og raforkuverð til heimilisnotkunar þarf einnig að verða sem jafnast.

Af framansögðu tel ég frumv. ekki eiga rétt á sér og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1965.

Lúðvík Jósefsson,